

Hafnarfirði 23. apríl 2014

Til umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar

Öldutúnsskóli hefur verið skóli á Grænni grein í nokkuð mörg ár og hefur tekið á móti Grænfána fjórum sinnum. Okkar meginmarkmið er að nemendur og starfsfólk þroski með sér virðingu og samkennd með lífi, náttúru og umhverfi og er það gert meðal annars með því að flokka allt sopp sem til fellur í skólanum s.s. pappír, fernur, plast, matarafganga og ávaxtaúrgang. Vikulega fara nemendur út með kennurum sínum til að hreinsa skólalóð. Það er að okkar mati brýnt að nemendur geri sér grein fyrir að við eigum aðeins eina jörð og að orkulindir hennar eru ekki óþrjótandi. Við viljum því leggja okkar að mörkum sem vistvænn skóli og kenna nemendum virðingu fyrir umhverfi sínu og orkulindum jarðar.

Á heimasíðu skólans er bæði hægt að finna markmið og stefnu skólans í umhverfismálum.
<http://www.öldutunsskoli.is/skolinn/tilkynningar/nr/16>

Ástæðan fyrir skrifum þessum er sú að við höfum beðið Hafnarfjarðarbæ að koma til liðs við okkur við kaup á flokkunartunnum. Við höfum fengið hljómgrunn, en ekkert annað.

Og þar sem við vitum að Hafnarfjarðarbær vill vera umhverfisvænn bær viljum við áréttta þessa beiðni okkar. Það væri skynsamlegt að bærinn legði línur hvað varðar flokkunartunnur í stofnunum sínum og væri þar til fyrirmyndar.

Við óskum eftir því að Hafnarfjarðarbær myndaði sér stefnu um flokkunarílát í stofnunum bæjarins og gerði samning um innkaup og losun þeirra.

Svar óskast sent sem allra fyrst.

Fyrir hönd umhverfisnefndar Öldutúnsskóla,

Margrét Sverrisdóttir, staðgengill skólastjóra

Þeir sem bréfið fá:

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Sigurður Haraldsson Sviðstjóri
Guðmundur Ragnar Ólafsson, Innkaupafulltrúi
Umhverfis- og framkvæmdaráð:
Margrét Gauja Magnúsdóttir, Suðurgötu 38, formaður
Hörður Þorsteinsson, Stuðlabergi 38
Árni Stefán Jónsson, Stuðlabergi 110
Helga Ingólfssdóttir, Brekkugötu 26
Ólafur Ingi Tómasson, Fjóluhvammi 9